

Klausturvegi 10
Oddur B. Thorarensen,
Skipulags- og byggingarfulltrúi
880 Kirkjubæjarklaustur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. ágúst 2008
Tilvísun: UST20080700037/ksj

Hólaskjól við Lambaskarðshóla, Skaftárhreppi. Deiliskipulag fyrir hálandismiðstöð.

Vísað er til erindis er barst frá Skaftárhreppi þann 29. júlí sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir hálandismiðstöðina Hólaskjól við Lambaskarðshóla í Vestur- Skaftafellssýslu. Erindinu fylgir deiliskipulagstillaga og umhverfisskýrsla.

Ofangreint svæði liggur í hálandisjaðrinum og er svæðið skilgreint sem hálandismiðstöð í staðfestu svæðisskipulagi fyrir Miðhálendi Íslands 2015.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við deiliskipulagstillögu og umhverfisskýrslu:

Náttúrumínjar

Eins og fram kemur í greinargerð og umhverfisskýrslu er fylgir erindinu er svæðið sem deiliskipulagstillagan nær yfir á svæði nr. 706 á náttúrumínjaskrá **Eldgjá**. Hólaskjól er einnig í jaðrinum á merkasta náttúruverndarsvæði Vestur - Skaftafellssýslu samkvæmt Svæðisskipulagi 2015 Miðhálendi Íslands. Náttúruverndarsvæðið nær yfir Fjallabakssvæðið, Eldgjá og Lakagíga.

Mannvirki

Í dag eru eftirfarandi mannvirki á staðnum: Tvílyft gangnamannahús, tjaldsvæði með vatnssalerni og hestagerði á áreyrum sunnan við svæðið. Rotþrær með síubeðum og siturlögn eru á 2 stöðum, annars vegar þrjár 500 lítra rotþrær við gistiskálann og hins vegar 1100 lítra rotþró austan við tjaldstæðið. Athygli vekur að rotþró austan við tjaldstæðið liggur nokkuð langt frá salernum tjaldsvæðis.

Mannvirki sem á að reisa á svæðinu samkvæmt deiliskipulagstillögu eru:

- Prír gistiskálar allt að 15 m^2 með tilheyrandi ferðamannaðstöðu. Byggingarreitur fyrir hvern beirra er 150 m^2 .
- Skáli fyrir landvörð allt að 20 m^2 . Byggingarreitur fyrir hann er 200 m^2

-Hesthús fyrir 20 hesta allt að 150 m² að stærð. Byggingarreitur fyrir hesthús er 200 m². Samkvæmt tillögunni er staðsetning húsanna frjáls innan reitanna.

Umfjöllun um kosti

Við mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar eru tveir kostir bornir saman. Annars vegar sá kostur sem gildistaka deiliskipulagstillögunnar felur í sér og hins vegar óbreytt ástand. Þar er farið yfir áhrif tillögunnar á landslag og sjónræna þætti. Gangnamannahúsið sem er á svæðinu er fyrirferðamikið og munu þær breytingar sem deiliskipulagið felur í sér ekki hafa mikil áhrif, svo fremi sem allar framkvæmdir og byggingar verða vandaðar og felldar vel að svæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á að rotþrær og siturlagnir þurfa að vera af viðeigandi stærð og gerð sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Stofnunin hefur útbúið leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir og þær eru að finna á heimasíðu stofnunarinnar (www.ust.is).

Hesthús og rekstur þess

Umhverfisstofnun bendir á að í greinargerð og umhverfisskýrslu kemur ekkert fram um meðferð hestaúrgangs á svæðinu þrátt fyrir að hestamenn séu þeir aðilar sem nota svæðið hvað mest. Samkvæmt greinargerðinni er hvorki gert ráð fyrir söfnun eða geymslu úrgangs, né er metið það magn úrgangs sem til mun falla við rekstur hesthúss á svæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á að ef hesthús verður byggt þarf að vera til staðar góð lokað hauggeymsla eða annar sambærilegur kostur. Taka skal mið af starfsreglum um góða búskaparhætti, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og einnig 6. gr. ofangreindra laga varðandi söfnun, geymslu og notkun búfjáráburðar.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er gerð grein fyrir geymslugám sem merktur er við hestagerði á deiliskipulagsuppdætti. Telur stofnunin að útlit geymslugáms ætti að vera í samræmi við önnur mannvirkni á svæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að staðsetja gám nærrí öðrum mannvirkjum.

Virðingarfyllst

Kristín S. Þórssdóttir
Sérfræðingur

Olafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun

Landmótun